

Hjólreiðastefna

Hafnarfjarðar 2023 - 2029



Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar 2023

hafnarfjordur.is



Hafnarfjörður

Heilsu- og hjólabærinn Hafnarfjörður

Hjólafélag Hafnarfjarðar 2023-2029 er sett fram til að bæta hjólræðsamgöngur í bænum og tengingar við nærliggjandi sveitarfélög. Markmið stefnunnar er að bæta innviði og þjónustu til þess að auka hlutdeild hjólræða í Hafnarfirði og ýta undir almenna hjólamenningu. Þannig er hægt að stuðla að heilsusamlegum lífstíl ásamt því að gera Hafnarfjörð að enn betri og eftirsóttari bæ að búa í.

Hjólafélag Hafnarfjarðar er ætlað að bregðast við áskorunum sem Hafnarfjörður stendur frammi fyrir svo sem breyttum ferðavenjum, íbúafjölgun, breyttum húsnæðisþörfum, samkeppnishæfni, loftlagsmálum og lýðheilsu.

Árið 2019 undirrituðu ríkið og sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu samgöngusáttmála fyrir árin 2019-2034, þar sem var samþykkt að fjárfesta í innviðum fjölbreyttra samgöngumáta á höfuðborgarsvæðinu með það að markmiði að auka valfrlsi íbúa og stefna að kolefnishlutlausu samfélagi. Í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2015-2040 eru sett fram markmið um að hlutdeild gönguferða og hjólræða í öllum ferðum innan svæðisins árið 2040 verði a.m.k. 30%. Í aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 eru sett fram markmið um uppbyggingu vandaðs göngu- og hjólræðastígakerfis til þess að draga úr bílaumferð.

Hjólræðar hafa aukist mikið á Íslandi á undanförunum þremur árum og hefur innflutningur á reiðhjólum nær tvöfaldast. Fjölgunin er nær alfarið vegna rafmagnshjóla og rafmagnshlaupahjóla.

Jafnframt hafa hjólræðar til og frá vinnu á höfuðborgarsvæðinu aukist um tæp 7% á milli árunna 2021 og 2022, á tímabilinu september til desember.

Það er mjög mikilvægt að Hafnarfjörður styðji við þessa þróun með því að byggja upp innviði til hjólræða, sem skapar hvata fyrir bæjarbúa til að ferðast á hjóli hvort heldur sem er til vinnu, frístunda eða æfinga. Einnig er tækifæri til að gera Hafnarfjörð að spennandi áfangastað fyrir margvíslegar hjólræðar hvort heldur sem er götuhjólræðar, fjallahjólræðar í upplandi bæjarins eða innanbæjar.

Hafnarfjörður hefur alla burði til þess að verða góður hjólræðabær og er Hjólafélag Hafnarfjarðar fyrsta skrefið í þá átt. Hjólafélagið styður vel við verkefnið Heilsu- og hjólabærinn Hafnarfjörður.

Heimildir: <https://www.mbl.is/frettir/innlent/2022/05/03/rafskutur-toppuðu-2020-en-rafmagnshjolum-fjölgar/>

<https://revkjavik.is/frettir/hjolandi-fjolgað-um-tæp-7-hofuðborgarsvæðinu>



Ferli við gerð Hjólastefnu Hafnarfjarðar

Skipulags- og byggingarráð samþykkti á fundi sínum þann 11. ágúst 2022 að skipa starfshóp vegna hjólastefnu bæjarins. Meginverkefni starfshópsins var að vinna að hjólastefnu fyrir Hafnarfjörð.

Í starfshópnum sátu Dána Björk Olsen formaður, Hilmar Ingimundarson, Lilja G. Karlsdóttir, Ómar Freyr Rafnsson, Sigurjóna Hauksdóttir og Sigríð Foss.

Með hópnum störfuðu Berglind Guðmundsdóttir og Helga Stefánsdóttir, starfsmenn á umhverfis- og skipulagssviði.

Starfshópurinn starfar í umboði skipulags- og byggingarráðs og skal vinnu starfshópsins vera lokið 1. maí 2023.

Verkefni voru eftirfarandi:

- Stefnumótun og sýn fyrir Hafnarfjörð sem hjólréiðabæ
- Áætlun um skipulag og uppbyggingu stofnstíganets hjólréiða og uppbyggingu hjólaleiða almennt, sú vinna fer síðan áfram til endurskoðunar aðalskipulags
- Áætlun um hjólastæði í bænum
- Áætlun um hjólaþjónustu í bænum
- Aðgerða- og fjárfestingaráætlun
- Kynningaráætlun til að auka hlutdeild hjólréiða



Markmiðasetning!

Stefna þessi hefur þrjú meginmarkmið ásamt aðgerðaáætlun, forgangs röðun og kostnaðaráætlun.

Lykilatriði í hjólastefnunni er að innleiða stofnstígakerfi með tengingum við öll hverfi bæjarins og nágrannasveitarfélög, ásamt því að efla þjónustu við hjólréiðar allt árið um kring. Með því að gera hjólréiðar sýnilegri má gera ráð fyrir því að fleiri nýti sér virka samgöngumáta allt árið.

Markmið 1

Fjölga þeim sem hjóla

Að minnsta kosti 15% allra ferða innanbæjar verði farnar á hjóli árið 2029.

Ferðir farnar til vinnu á hjóli verði að minnsta kosti 10% á árinu 2029.

Að minnsta kosti 30% ferða nemenda innan Hafnarfjarðar verði farnar á hjóli á árinu 2029.

Fleiri hjóli allt árið um kring.

Hafnarfjarðarbær bæti gagnaöflun og upplýsingagjöf um hjólreiðar í bænum

Hafnarfjarðarbær ýti af stað herferðum og ímyndarvinnu til að efla jákvæða umfjöllun um hjólreiðar sem heilsueflandi lífsstíl.

Aðgerðir 1

- Setja upp að lágmarki 8 hjólateljara á stofnstíga í bænum.
- Auka hjólreiðafræðslu í leik- og grunnskólum bæjarins með það að markmiði að auka hjólafærni.
- Samgöngustyrkur fyrir að nýta virkari ferðamáta til vinnu.
- Hafnarfjarðarbær efli gagnasöfnun með teljurum og auki upplýsingagjöf til almennings um hjólreiðar í sveitarfélaginu og jákvæðan ávinning af þeim (skilti, Google Maps og vefmiðlar bæjarins).
- Hvetja hjólreiðafélög bæjarins til að kynna starf sitt og hvetja krakka til að hjóla meira á sumrin.
- Koma á laggirnar sérstökum hjóladegi Hafnarfjarðar þar sem boðið er upp á hjólaviðgerðir í hverfum bæjarins.
- Hvetja fyrirtæki í bænum til að styðja við að starfsmenn geti nýtt sér „virkari samgöngur“. Það sem flokkast undir „virkari samgöngur“ eru ferðir sem farnar eru gangandi og hjólandi á reiðhjólum, rafmagnshjólum eða rafmagnshlaupa-hjólum.
- Framkvæmd verði könnun á áhuga og viðhorfi bæjarbúa til hjólreiða í upphafi og við lok tímabils hjólastefnunnar.
- Tilraunaverkefni um útlán á rafmagnshjólum.
- Hvetja hjólreiðafólk til að nýta ábendingagátt Hafnarfjarðarbæjar til að koma á framfæri því sem betur má fara.
- Byggðar verði upp þrjár hjólabrautir (e. pump track) til að auka þjálfunar- og afþreyingarmöguleika í bænum.

Markmið 2

Bætt hjólréiðakerfi

Stofnstígar hjólréiða* verði a.m.k. 30 km að lengd árið 2029.

Meira en 90% af bæjarbúum búi innan við 500 m frá stofnstíg hjólréiða.

Frá heimili að stofnstíg sé greið leið hjólréiða.

Hjólasterðum verði fjölgað í bæjarlandi og við stofnanir bæjarins.

Öruggar hjóllaleiðir út úr bænum til allra átta.

Við endurgerð gatna skal ávallt gera ráð fyrir hjólandi umferð.

Bæta tengingar við nágrannasveitarfélög innanbæjar og í upplandinu.

Tryggja fjármagn í fjárhagsáætlun hvers árs til að byggja upp hjólastíganetið.

Aðgerðir 2

- Forgangsraða fjármagni í uppbyggingu á stofnstígakerfi.
- Byggja upp og endurbæta tengingar við nærliggjandi bæjarfélög í samráði við nágrannasveitarfélög.
- Byggja skal yfirbyggðar og öruggar hjólageymslur við alla skóla, íþróttamannvirki og stofnanir bæjarins.
- Hleðslustöðvar við helstu stofnanir bæjarins.
- Sérstök stæði fyrir hlaupahjól við skóla bæjarins.
- Útbúa hjólastæði við allar helstu strætó- stoppistöðvar í bænum til þess að ná samlegðaráhrifum hjólréiða og almenningssamgangna.

*Einföld útskýring á stofnstíg í aðalskipulagi:

Þeim er ætlað að vera megin göngu- og hjóllaleiðir innan byggðar. Þeir tengja saman einstaka bæjarhluta og nágrannasveitarfélög. Stofnstígar skulu að öðru jöfnu vera 3 - 3,5 metra breiðir og lagðir bundnu slitlagi og því hentugir jafnt fyrir reiðhjól, göngufólk og hjólastóla. Stofnstígar skulu vera upplýstir, og þar sem stofnstígar og stofn- og tengibrautir skerast er gert ráð fyrir undirgöngum, brúm eða gönguljósum. Í undantekningartilfellum getur hluti stofnleiðar hjólréiða verið í bland við akandi umferð.

Markmið 3

Tryggja hjólréiðasamgöngur allt árið

Aukin vetrarþjónusta á göngu- og hjólastígum.

Skoðað verði að hita upp fjölfarna stíga.

Tryggðar verði góðar hjáleiðir fyrir gangandi og hjólandi þegar framkvæmdir eru í bæjarlandinu.

Bæta merkingar, skilti, lýsingu, upplifun, gróður og hjólatyllur hvort sem það er í þéttbýli eða upplandi bæjarins.



Aðgerðir 3

- Endurmetin rekstraráætlun fyrir stigvaxandi rekstur hjólastíga til ársins 2029 í samræmi við aukna þjónustu allt árið um kring, sbr. vetrarþjónustu og hreinsun stíga.
- Hreinsun stíga verði jafnari allt árið um kring og gert ráð fyrir eflingu vetrarþjónustu til að halda stofnstígum alltaf opnum.
- Sýnilegir innviðir eins og hjólatyllur, viðgerðastandar og umferðarljós fyrir hjól.
- Lagt til að ráðist verði í kostnaðargreiningu á þeim möguleika að hita upp stíga sem eru að jafnaði í meiri en 5% halla.
- Aukin vetrarþjónusta á göngu- og hjólastígum verði aukin á tímabilinu þannig að stofnstígar séu greiðfærir kl. 7:30 að morgni á virkum dögum.
- Hálkueyðing á stígum með söltun, stígar sópaðir og sambærileg þjónusta aukin.
- Hugmyndasamkeppni um nöfn á stígum í bænum til að efla jákvæða umfjöllun um hjólréiðar.

Kostnaðaráætlun

Markmið Hjólastefnu Hafnarfjarðar felur í sér að hefja metnaðarfullt átak í uppbyggingu og endurnýjun hjólastíga. Hafnarfjörður á að vera leiðandi hjólabær á Íslandi og því þarf að tryggja fjármögnun á markmiðum og aðgerðum stefnunnar.

Áætlað er að u.þ.b. 1,4 milljarð þurfi til að fjármagna markmiðin sem hafa verið tilgreind hér að neðan á tímabilinu 2024-2029. Það gera um 280 m. kr. á ári. Þar af hefur Hafnarfjörður áætlað 50 m.kr í fjárhagsáætlun bæjarins fyrir komandi ár. Þess utan er Hafnarfjörður þátttakandi að Samgöngusáttmála Höfuðborgarsvæðisins og brýnt er að tryggja fjármuni þaðan til að fylgja þessari áætlun eftir.

Kostnaðaráætlun	Fjöldi	Samtals
Stofnstígar	>30km	1.200 m.kr
Lýsing og gróður	3 stk.	50 m.kr
Hjólastæði		50 m.kr
Pump track	3 stk.	30 m.kr
Hjólateljari	8 stk.	16 m.kr
Hjólreiðaviðgerðarstandur	15 stk.	10 m.kr
Áningastaðir	5 stk.	10 m.kr
Hjólatyllur		10 m.kr
Kynningar- og fræðslumál		8 m.kr
Rannsóknir og gagnaöflun		8 m.kr
Rafmagnshleðsla		5 m.kr
Skilti með leiðbeiningum um leiðir		3 m.kr
	Heildarkostnaður	1.400 m.kr

Stofnstíganet og forgangsröðun


Yfirlitsmynd fyrir áætlað stofnstígakerfi Hafnarfjarðar. Kerfið samanstendur af fjórum stofnleiðum sem eru u.þ.b. 30 km langar. Á þessum stofnleiðum skal stefna að aðskildum hjólastígum skv. skilgreiningu sjá hér ofar, með góðri lýsingu og merkingum.





Blá leið

Forgangsröðun 1: Bláa leiðin er fyrsti áfangi stofnstígakerfisins. Leiðin er liggur frá norðri til suðurs í gegnum Hafnarfjörð, frá Ásvallabraut í gegnum miðbæinn og endar við Hrafnistu. Lengd leiðar er 5,6 km.




Fjólublá leið

Forgangsröðun 3: Fjólubláa leiðin er þriðji áfangi stofnstígakerfisins. Leiðin liggur frá austri til vesturs frá bæjarmörkum við flóttamannaleið, framhjá Áslandi í átt að Straumsvík. Lengd leiðar er 4,3 km



Rauð leið

Forgangsröðun 2: Rauða leiðin er annar áfangi stofnstígakerfisins. Leiðin er nokkurs konar hringleið sem liggur meðfram Reykjavíkurvegi, Lækjargötu og Reykjanesbraut með tengingu upp í Áslandshverfi. Lengd leiðar er 8 km.



Græn leið

Forgangsröðun 4: Græn leið eða Hvaleyrarvatnshringur er fjórði áfangi stofnstígakerfisins. Leiðin er hringleið sem liggur í útjaðri Vallahverfis og Áslandshverfis, framhjá Hvaleyrarvatni og tengist upplandi bæjarins. Lengd leiðar er 9,5 km.



Hjólreiðar til framtíðar

Samgöngur eru að breytast á leifturhraða

Samgöngur eru að breytast á leifturhraða. Helstu rök fyrir að efla hjólreiðar er til að jafna samkeppnishæfni mismunandi ferðamáta.

Rafmagnið er og verður okkar helsta vopn til að bæta samgöngur til framtíðar.

Hjólafstefna Hafnarfjarðar er sex ára áætlun og er þetta fyrsti kafli í sögu bættra hjólreiða í Hafnarfirði.

Það verður stórt framfaraskref að vera með allt að 30 km langa stofnstíga og góðar tengingar við nærliggjandi sveitarfélög árið 2029.

Það liggur ljóst fyrir að það er krefjandi verkefni að koma stofnstígum fyrir í grónum og eldri hverfum bæjarins. Með öll vopn á lofti finnum við lausn á því. Þar sem ekki er hægt að leggja stofnstíg verði afmarkað svæði á akbraut fyrir hjólandi umferð. Til að hjólaumferðin blandist ekki við gangandi vegfarendur og þannig er öryggi hjólandi og gangandi vegfarenda best tryggt.

Stuðlum að öryggi allra, aukum lífsgæði bæjarbúa með betri hjólreiðasamgöngum og tryggjum áframhaldandi vöxt til framtíðar.

Mövekvæði

*Ó reiðhjól best, þú rennur utan stans,
jafn rennilegt að aftan sem að framan.
Þú varst stolt hins þýska verkamanns
sem þreyttum höndum skrúfaði þig saman.*

Höf: Þórarinn Eldjárn